

Viðtakandi: Íþróttta- og útilífsráð
Sendandi: Helga Friðriksdóttir, skrifstofustjóri Íþróttaborgar

Reykjavík, 8. september 2026
MIR26080020

Svar við fyrirspurn

Fyrirspurn um frístundaakstur

Á fundi íþróttta- og útilífsráðs þann 28. júní 2026 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Samfylkingar um frístundaakstur – og er svar sett undir hvern lið:

a. Hvaða íþróttta- og tómstundafélög í Reykjavík reka frístundarútur eða sambærilega akstursþjónustu? Óskað er eftir yfirliti yfir félög, hverfi og þá skóla og starfsstöðvar sem þjónustan nær til.

Svar: Ármann/Þróttur (eru með sameiginlega rútu), Valur, Víkingur, ÍR, Fylkir, Fram bjóða frístundaakstursþjónustu. Flest þeirra semja við rútofyrirtæki um aksturinn. Fylkir leigir litla rútu og er með starfsmann sem ekur henni. KR-ingar bjóða upp á gangandi fylgd. Fjölnir býður ekki upp á þessa þjónustu. Sjá yfirlit frá 2023/2024 yfir akstur milli frístundaheimila skóla og viðkomandi hverfisfélags, í viðauka 1.

b. Hver er aðkoma Reykjavíkurborgar að rekstri þessarar þjónustu?

Svar: Aðkoma borgarinnar er að styrkja frístundaakstur íþróttafélaga. Styrkurinn er í formi fjármagns sem er útdelt á hverri önn á þau félög sem bjóða upp á þessa þjónustu. Styrkurinn er afgreiddur af Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR). Heildarstyrkur er um 30 m.kr. á ári. Meðalstyrkur pr félag sem bjóða frístundaakstur er um 4 m.kr. á ári eða 2 m.kr pr önn. Styrkurinn er mismunandi milli félaga og ræður þar mismunandi vægi þátta sem hafa áhrif á kostnað þeirra svo sem iðkendafjöldi, hvort boðin sé fylgd og stærð hverfis. Tafla 1. sýnir sundurliðun á styrkjum á vorönn 2026.

Tafla 1. Sundurliðun á styrkjum ÍBR/RVK

Félag	Upphæð styrks vor 2026
Þróttur/Ármann	2.771.430
Valur	2.722.431
Fylkir	2.523.170
Fram	2.428.440
Víkingur	2.376.801
ÍR	2.376.174
KR	764.204
Fjölnir	-
	15.962.650

c. Hver er árlegur rekstrarkostnaður þjónustunnar, sundurliðaður eftir félögum, og hvernig skiptist hann milli Reykjavíkurborgar, félaganna sjálfra og foreldra? Óskað er eftir upplýsingum um það gjald sem foreldrar greiða fyrir hvert barn.

Svar: Kostnaðurinn er mjög mismunandi eftir félögum sem helgast af umfangi og þjónustustigi. Tafla 2. sýnir heildarkostnað þjónustunnar á vorönn 2026 og hvernig hann skiptist milli aðila, og einnig rútugjald pr. barn.

Tafla 2. Kostnaður af þjónustunni - sundurliðaður

Félag	rútugjald pr barn á önn	Heildarkostnaður frístundaakstur	Kostnaður RMV/ÍBR	Kostnaður foreldra	Kostnaður félags
Þróttur/Árman	13.624 kr	8.187.000	2.771.430	2.466.000	2.949.570
Valur	18.072 kr	7.000.000	2.722.431	3.000.000	1.277.569
Fylkir	12.500 kr	4.700.000	2.523.170	1.312.500	864.330
Fram	10.000 kr	4.065.000	2.428.440	850.000	786.560
Víkingur	7.020 kr	5.080.000	2.376.801	562.500	2.140.699
ÍR	11.184 kr	8.330.000	2.376.174	720.000	5.233.826

d. Hvað ræður því hvar frístundarútur eru í boði og hvar ekki? Liggja fyrir viðmið, reglur eða stefna borgarinnar um það, eða byggist þjónustan á frumkvæði og fjárhagslegri getu einstakra félaga?

Svar: Hverfafélögin og Reykjavíkurborg sammæltust á sínu tíma að bjóða þessa þjónustu. Þá var rútukostnaður mun lægri en hann er í dag. Almennt eru tilmæli um að bjóða þessa þjónustu til barna í fyrsta og öðrum bekk í skóla. Eftir að rútukostnaður hækkaði mikið með fjölgun ferðamanna hefur reynst erfiðara fyrir félögun að standa undir þessum akstri og að manna fylgd í rútum. Þjónustan er því háð heildarkostnaði og fjárhagslegri getu félags til að standa undir þjónustunni.

e. Hversu mörg börn nýta sér þjónustuna, sundurliðað eftir hverfum og félögum? Eru dæmi um að eftirspurn sé umfram framboð, svo sem biðlistar eða takmarkað sætaframboð?

Svar: Skv. gögnum frá félögunum nýttu 663 börn sér akstursþjónustu félaganna á vorönn 2026. Tafla 3. sýnir sundurliðun á fjölda barna eftir félögum á vorönn 2026.

Tafla 3. Fjöldi barna í akstursþjónustu - eftir félögum.

Félag	Fjöldi barna í akstursþjónustu
Þróttur/Árman	181
Valur	166
Fylkir	105
Fram	76
Víkingur	75
ÍR	60

f. Hefur verið greint í hvaða hverfum þörf fyrir frístundaakstur er mest, með hliðsjón af fjölda iðkennda, vegalengdum milli skóla og íþróttamannvirkja, staðsetningu mannvirkja og framboði almenningssamgangna?

Svar: Það hefur ekki verið greint með vísindalegum hætti. En miðað við stærð Grafarvogs mætti ætla að eftirspurning sé töluverð þar. Fjölirnir hefur farið þá leið að reyna að þjálfa yngstu börnin sem mest í leikfísmissölum skólanna. Strætósamgöngur í Egilshöll eru ágætar.

h. Er samstarf milli íþrótt- og tómstundaráðs, skóla- og frístundasviðs og Strætó bs. um skipulag frístundaaksturs? Ef ekki, hefur verið skoðað að samræma þjónustuna á milli sviða?

Svar: SFS og MÍR skoðuðu fyrirkomulag á frístundaakstrinum í lok árs 2023 með þátttöku íþróttafélaganna og frístundaheimilanna. Sú vinna skilaði fyrst og fremst tilmælum til íþróttafélaganna varðandi betri samræmingu á þjónustunni. Ljóst er að kostnaður við þjónustuna er mjög hár sem bitnar á þjónustunni í sumum hverfum. Það væri þarft að skoða aukið samstarf milli hagaðila með það að markmiði að lækka kostnað og samræma þjónustuna betur þannig að hægt sé að halda úti faglegri frístundaakstursþjónustu fyrir yngstu börnin í öllum hverfum borgarinnar.

Virðingarfyllt,
Helga Friðriksdóttir
Skrifstofustjóri íþróttaborgar

Viðauki 1. Íþróttakstur og fylgd barna frá Frístundaheimilum á íþróttæfingar

	Skóli	Akstur		Fylgd		
		Íþróttafélag	Strætó bs.	Íþróttafélag	Fristund	Samstarf
Fram						
	Ingunnarskóli	x		x		
	Sæmundarskóli	x		x		
	Dalskóli	x		x		
Ármann/Þróttur						
	Vogaskóli/Vogasel	x		x		
	Langholtsskóli/Glaðheimar	x		x		
	Dalheimar					
	Laugarnesskóli/Laugarsel	x		x		
Fylkir						
	Ártúnsskóli	x		x*		
	Árbæjarskóli	x		x*		
	Selásskóli	x		x*		
	Norðlingaskóli	x		x*		
Víkingur						
	Hvassaleitisskóli	x				x
	Breiðagerðisskóli	x				x
	Fossvogsskóli					x
KR						
	Melaskóli			x		
	Vesturbæjarskóli			x		
	Landakotsskóli		x		x	
	Grandaskóli			x		
Valur						
	Háteigsskóli	x		x		
	Ísaksskóli	x		x		
	Austurbæjarskóli	x		x		
	Hlíðaskóli	x		x		
ÍR/Leiknir *						
	Ölduselsskóli	x				
	Seljaskóli	x				
	Breiðholtsskóli	x				
	Fellaskóli	x				
	Hólabrekkuskóli	x				
Fjölur						
	Rimaskóli					
	Foldaskóli					
	Húsaskóli					
	Hamraskóli					
	Borgarskóli					
	Engjaskóli					